

Ávaxtabíllinn og íþróttafélögin

Ávaxtabíllinn er sem hannaður fyrir íþróttahreyfinguna, hollur og sprækur

1. Veitingasala í félagsheimilum og í íþróttahúsum

Í boði er prýðilegt úrval af hollum skyndibita; samlokum, búst, ávaxtaglösum, pasta- og salatréttum, súpum og að sjálfsögðu af ávöxtum og grænmeti. Ennfremur er boðið uppá viðeigandi úrval af góðum drykkjum.

2. Sjálfsalar í félagsheimilum og íþróttahúsum

Í samastarfi við Selecta býður Ávaxtabíllinn uppá sjálfsala – einskonar hollustubari með svipuðu vöruúrvali og í lið 1.

3. Hádegismatur í félagsheimilinu

Ávaxtabíllinn kynnir til sögunnar súpu og brauð í hádegi. Upplagt að gera þetta að sið á föstudögum til að byrja með en við getum boðið íþróttafélögum heitan og hollan mat, bæði súpur og annan mat alla daga vikunnar. Mikið af félagsmönnum vilja kíkja í klúbbinn sinn reglulega og þetta gæti búið til skemmtilega stemningu.. Tekið skal fram að þessar súpur eru ekkert gutl, heldur massívar og hollar.



4. Uppskeruhátíðir yngri flokka

„Við undirbúning á uppskeruhátíð yngri flokka Stjórnunnar kom upp sú hugmynd að hvíla pizzurnar og bjóða í staðinn uppá ávaxtaglös frá Ávaxtabílnum. Óhætt er að segja að sú hugmynd hafi fallið í góðan jarðveg hjá krökkunum og ekki síður hjá foreldrum þeirra. Við mælum hiklaust með hollu lausnunum frá Ávaxtabílnum”

F.h. unglingaráðs Stjórnunnar Baldur Gísli Jónsson

5. Matur fyrir afreksfólk eftir keppni

Ávaxtabíllinn hefur séð um mat hjá úrvalsdeildarliði í knattspyrnu eftir leiki. Boðið er uppá kjarmiklar súpur, pastarétti og fleira uppbyggilegt og hefur félagið fengið sterk viðbrögð frá leikmönnum félaga sem hafa heimsótt klúbbinn. Það er ekki við hæfi að bjóða keppnisfólki uppá pizzu og kók eftir keppni.

6. Matarsjóður Ávaxtabílsins

Sjóðurinn er kynntur á meðfylgjandi blaði. Ef félög veita því verkefni athygli, er óhætt að fullyrða að kostnaður vegna allra liða hér að framan gæti verið hverfandi.

..... og það eru engir galdrar

Með hollri íþróttakveðju, Haukur Magnússon

